

10. gr.

23

19. maí

Þeim, sem hefir náð burtfararprófi, skal veitt skirteini um það. Skirteini eru tvennskonar: annað fyrir þá, sem hafa unnið 3 ár hjá rafmagnsmeistara og síðan stundað nám í báðum ársdeildum; hitt er fyrir þá, sem hafa tekið vélstjórapróf og aðeins setið í eldri deild. Í skirteininu skal telja þær kennslugreinar, sem nemandinn hefir verið reyndur í, og tilgreina einkunn hans, og jafnframt bæði hina lægstu einkunn, er krafizt er til að standast prófið, og þá hæstu, sem unnt er að ná. Skirteinið skal undirritað af forstjóra vélstjóráskólans og hinum skipuðu prófdómendum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

L Ö G

24

19. maí

um

háskólakennara.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þegar dócentar við Háskóla Íslands hafa starfað í embætti um 6 ár, verða þeir próffessorar með sömu réttindum og skyldum sem aðrir próffessorar

24 háskólans. Þó skal ekki greiða þeim hærri launaviðbót en svo, að samánlögð
19. maí laun og aukatekjur embættisins verði jafnt prófessorslaunum.

2. gr.

Nú hefir dócent starfað í embætti sínu lengur en 6 ár, þegar lög þessi
öðlast gildi, og skulu þá laun hans vera þau sömu sem þau mundu verið
hafa, ef lög þessi hefðu gilt frá því er hann tók við embætti við háskólann.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.

25

19. maí

L Ö G

um

veiting ríkisborgararéttar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Emanuel Reinfried Heinrich Cortes, prentari í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð.
2. Oskar Tander Berg Ellefsen, vélamaður á Siglufirði, fæddur í Noregi.
3. Friedrich Ludvig Detlev Fahning, járnsmiður í Reykjavík, fæddur í Þýskalandi.